# Ferð að Botnsá 28/5 1947.

H.B. Lindvik, Magnús Sigurðsson og S. Rist fóru frá Reykjavík kl. 09,30 og komu að Stóra-Botni kl.11,30. Gengu þaðan að Hvalvatni, sem tók tvo tíma. Veður var slæmt, hvasst og rigning.

Sett niður vatnsmerki við Hvalvatn.

Sett var niður v.m. úr tré VM 2. ca. 5 m fyrir neðan v.m. B, í næstum lóðréttri stöðu.

Nivellerað var saman punktur á v.m. við fastamerkið F.M., sem er hringur úr rauðri menju á stórum steini ca. 15 m upp á landi frá v.m.

Hæðin frá F.M. að V.M.2 topp er : + 51 cm.

" " " " " o-marki : ÷162,5 cm.

Mælt var vatnsmagn Botnsár ca. 80 m neðan við frárennslisstaðin úr vatninu.

Hr. Jóni, bónda að Stóra-Botni, var sagt frá V.M.2, og honum falið að lesa af því eftirleiðis, en hætta við það eldra. Á Stóra-Botni var skilin eftir 3 m vatnsmælingastöng.

Komið var til Reykjavíkur kl. 21.oo.

